

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga um geislavarnir, nr. 44/2002, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1.	<i>Röntgentæki:</i>	kr.
a)	Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	71.224 25.768
b)	Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skyggning fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	91.873 33.694
c)	Tölvusneiðmyndatæki og O-bogar fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	122.604 71.284
d)	Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	35.527 15.280
e)	Tölvusneiðmyndatæki við tannlæknigar fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	95.455 60.180
f)	Iðnaðarröntgentæki (opin aðstaða) fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	30.731 55.416
g)	Dýralæknigaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	17.842 12.891
h)	Öryggisröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni: fimm eða færri tæki fyrir hvert tæki umfram fimm	40.494 17.842 12.891
i)	Röntgentæki til efnarannsókna og gæðaeftirlits í iðnaði fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og með sama ábyrgðarmann	35.527 12.891
2.	<i>Geislalækningataeki, línuhraðlar og hringhraðlar:</i>	93.002
	fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	31.590
3.	<i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	102.759
	Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi	69.889
	Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi	44.570
4.	<i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	55.369
a)	Nifteindalindir fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila	22.360
b)	Aðrar lokaðar geislalindir fyrir hverja eins lind til viðbótar: i) fimm eða færri til viðbótar á sama stað með sama ábyrgðarmann ii) fyrir hverja lind umfram fimm á sama stað með sama ábyrgðarmann	51.877 15.281 12.891
5.	<i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	2.574
	Almennar TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil	7.276
	Fyrir hvern TLD mæli sem týnist eða skemmist	5.147
	Sérhæfðar TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil	

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald um 50% þegar ekki þarf að fara á staðinn heldur nægir að fara yfir gögn og mælingar. Það á við um staði þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við síðasta eftirlit og starfsemin er óbreytt.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. <i>Vegna röntgentækja til sjúkdómmsgreininga:</i>		
a) Önnur röntgentæki en tannröntgentæki, þ.m.t. dýralækningatæki	17.772	
b) Tannröntgentæki	11.848	
2. <i>Vegna geislalækningatækja og línuhraðla</i>	29.620	
3. <i>Vegna iðnaðartækja í opinni aðstöðu</i>	17.772	
4. <i>Vegna öryggis-, efnarannsókna og gæðaeftirlitsröntgentækja</i>	11.848	
5. <i>Vegna nýrrar eða breyttrar aðstöðu</i>	17.772	
6. <i>Vegna endurútgáfu leyfa (nýr ábyrgðarmaður eða kennitala leyfishafa):</i>		
fyrir allt að þrjú tæki	11.848	
fyrir hvert tæki til viðbótar	3.103	
7. <i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>		
a) Nifteindalind eða hágeislavirk lind (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015)	23.816	
b) Aðrar geislalindir	17.772	
8. <i>Vegna opinna geislalinda:</i>		
a) Ný starfsemi:		
i. Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi	29.621	
ii. Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi	23.697	
iii. Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi	17.772	
b) Árleg endurnýjun:		
i. Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi	29.621	
ii. Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi	23.697	
iii. Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi	17.772	
9. <i>Vegna framleiðslu geislavirkra efna</i>	236.920	
10. <i>Vegna notkunar leysa og leysibenda:</i>		
i. Tónleikar og ýmsar sýningar	35.544	
ii. Önnur notkun	11.848	
11. Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 16.354 kr./klst. vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga um geislavarnir vegna annars en þess sem talið er upp hér að ofan.		

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjálda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Vegna endurtekinnar eftirfylgni eftirlits vegna þess að ekki er orðið við kröfum um úrbætur innan tiltekins tíma skal innheimt gjald skv. 5. gr. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna þess að ekki hefur verið orðið við kröfum um úrbætur sem gerðar voru við reglubundið eftirlit þrátt fyrir endurtekna eftirfylgni skal greiða fyrir það líkt og um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Nr. 1246

6. desember 2018

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 18.532 kr. fyrir sérfræðing og 14.058 kr. fyrir fulltrúa á hverja klukkustund fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislun eða geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, að fjárhæð 29.623 kr. Fyrir hverja yfirlýsingum um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta 4.626 kr. Fyrir mælingar á rafsegulsviði, útfjólublárrí geislun og geislun frá leysum skal stofnunin innheimta 59.246 kr. fyrir allt að átta mælingar á sama stað. Fyrir mælingu á geislun frá leysibendum skal stofnunin innheimta 11.848 kr. fyrir allt að fjórar mælingar. Fyrir hverja mælingu þar til viðbótar skal innheimta 2.962 kr.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. og 21. gr. laga um geislavarnir, nr. 44/2002, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2019. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 1202/2017.

Velferðarráðuneytinu, 6. desember 2018.

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra.

Áslaug Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2018